



## Fundarboð

### Pétur Pétursson

prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands heldur fyrirlestur á vegum Vísindafélags Íslendinga í Norræna húsinu **miðvikudaginn 23. febrúar 2005, kl. 20:00**

## Á mörkum tveggja tíma – Lífsins tré og Völuspá

Í upphafi fundar verður: Minnst látins félaga  
Kynntar tillögur valnefndar Vísindafélagsins um nýja félaga  
Kynnt tillaga stjórnar til lagabreytinga.

### Á mörkum tveggja tíma – Lífsins tré og Völuspá

Í þessum fyrirlestri verður reynt að nálgast grunnþema Völuspár með því annars vegar að taka mið af býsönskum og keltneskum dómsdagsmyndum – sem gert er ráð fyrir að Íslendingar hafi haft mörg tækifæri til að skoða – og hins vegar með því að tengja ljóðið við þann félagslega og menningarlega jarðveg sem endanleg gerð þess er sprottin upp úr. Táknefni heidinnar var að hrúni kominn og kristinn síður að halda innreið sína sem opinber átrúnaður og grundvallarviðmið samfélagsins sem fól í sér bæði nýtt gildismat og nýja löggjöf. Skáldið, karl eða kona, sem lagði lokahönd á verkið virðist að sumu leyti vera í tilvistarkreppu (sbr. Sigurð Nordal) og gerir sér grein fyrir því að heimurinn þurfi á nýjum og sterkum foringja að halda. Skáldið leitast við að skapa sér heildarmynd af ástandinu og skyggjast fram á við og þrátt fyrir upplausnarástandið má greina trú á framtíðina. Skáldinu er ekki keppikefli að staðsetja sig hvorki í hinum heiðna heimi né í hinum nýja táknefni kristinnar kirkju heldur virðist það sums staðar gera í því að dyljast og það notar á víxl tákni og heiti úr ólíkum áttum og býr til ný eftir þörfum. Ljóðið er ekki trúboðsljóð að neinu leyti og það er ekki að verja eða réttlæta ríkjandi ástand. Ljóðið er miklu fremur tjáning sérstakra aðstæðna líðandi stundar, rétt fyrir árið 1000 eins og þær koma fyrir sjónir skálds sem fylgist með straumum tímans og lætur það koma sér við hvert stefnir. Þetta ástand var ekki viðvarandi og eftir að kristinn síður festist í sessi varð ýmislegt í ljóðinu óviðeigandi og jafnvel lítt skiljanlegt og ekki virðist Snorri Sturluson hafa litið á það sem sitt hlutverk að túlka það og skilja til hlítar. Sambræðslu úr ólíkum trúarlegum táknefnum af því tagi sem höfundur ljóðsins leyfir sér tóku seinni tíma skáld ekki upp eftir því. Eitt af grundvallar stefjum þessa ljóðs er lífsins tré sem birtist í ljóðinu bæði sem Askur Yggdrasils og sem hinn kristni kross, fórnartréð, þar sem hinn nýi konungur dó en hann átti margt skylt með Baldri. Konungurinn lifnaði við í hlutverki þess sem öllu ræður (Pantocrator) og leiðir mannkynið inn í nýja veröld. Þeir eldar sem eyða hinu gamla og feiskna ná ekki ríki himnanna (Gimlé) þar sem himinguðinn (Hænir) og sá sem nærir mannkynið (Aldurnari) hefur búið sonum manna sælúvist. Myndmál kvæðisins á sér hliðstæður og sláandi vísanir í klassískt kristið myndmál um dómsdag og endurkomu Krists sem tekið hafði á sig ákveðið staðlað form og guðfræðilegt inntak þegar á áttundu öld. Slík mynd prýddi vesturvegg Hóladómkirkju í upphafi 12. aldar (Hörður Ágússon) en mótífið var löngu þekkt á íkonum, krossum og í lýsingum handrita.